

Vígfús Þór Hróbjartsson,  
Fulltrúi skipulags- og byggingarmála  
Skaftár- og Mýrdalshreppi



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. september 2014  
Tilvísun: UST20140700182/ksj

## **Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 - 2022. Verslunar- og þjónustusvæði að Orustustöðum**

Vísað er til erindis fulltrúa skipulags- og byggingarmála í Skaftár- og Mýrdalshreppi er barst 29. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 - 2022, vegna verslunar- og þjónustusvæðis að Orustustöðum.

Tillagan felur í sér eftirfarandi breytingar: Gert er ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustusvæði, efnistökusvæði, vatnsverndarsvæði, fráveitu og nýjum aðkomuvegi að Orustustöðum.

### **Breyting á landnotkun**

Í tillögu að breyttu aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 - 2022 er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði á 15 ha svæði. Áætlað byggingarmagn er 7000 fermetrar á tveimur hæðum. Áætlað er að fullbyggt hótél rými 200 herbergi.

Einnig felur breytingartillagan í sér að efnistaka verði hafin á ósröskuðu svæði í landi Orustustaða N38, og að efnistakan verði alls um 5000 rúmmetrar.

Í greinargerð kemur fram að vegna öflunar neysluvatns fyrir væntanlegt hótél, er áætlað að bora eftir lindarvatni í hraunjaðrinum, og grann- og fjarsvæði afmarkað í Eldhrauninu.

### **Staðsetning**

Orustustaðir liggja á Brunasandi milli jarðanna Sléttabóls/Hraunbóls og Hruna. Í greinargerð kemur fram að áætlað er að staðsetja hótelið ef til kemur, í um 300 m fjarlægð frá hraunbrún Eystra-Eldhrauns.

### **Aðkoma**

Í dag er ekki vegur að Orustustöðum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að skoða vel hvaða leið verður valin, ef af framkvæmdum verður, þar sem á nærsvæðum eru búsvæði fágætra fugla. Þar sem að unnið er að friðlýsingu svæða á jörðunum Hraunból /Sléttaból er mikilvægt að framkvæmdasvæði innan jarðarinnar Orustustaðir verði eins austarlega og kostur er og að truflun á væntanlegu friðlandi verði sem minnst af væntanlegum framkvæmdum og starfsemi.

### **Náttúruminjar**

Á Brunasandi er mikið um votlendi og skv. 37. gr. laga nr 44/1999 eru mýrar og flóar 3 ha að

stærð eða stærri vistkerfi er nýtur sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Eins og komið hefur fram eru þar einnig búsvæði margra fágætra fuglategunda, m.a. þórshana *Phalaropus fulicarius* sem er tegund í útrýmingarhættu og er á válista Náttúrufræðistofnunar. Í reglugerð um friðun tiltekinnna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. nr. 252/1996 kemur fram í 1. gr. að: „*Dvöl manna er óheimil við hreiður fálka, hafarnar, snæuglu, hafstyrðils, keldusvíns og þórshana vegna myndatöku, upptöku á hljóðum, athugana á lifnaðarháttum eða í öðrum tilgangi sem ætla má að geti valdið truflunum.*” Í dag er unnið að friðlýsingu landsvæðis innan aðliggjandi jarða Orustustaða, jarðanna Hraunbóls og Sléttabóls og landeiganda, á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Umhverfisstofnunar. Í drögum að skilmálum friðlýsingar fyrir ofangreindar jarðir kemur eftirfarandi fram:

*Umhverfissráðherra hefur ákveðið að tillögu Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og með samþykki landeigenda og Skaftárhrepps að friðlýsa landsvæði innan marka jarðanna Hraunbóls og Sléttabóls sem fugla- og votlendisfriðland skv. 1. tölulið 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.*

*Friðlandið nær yfir víðáttumikið votlendissvæði á sandi og er nær óraskað af mannavöldum. Á svæðinu er vatnsstaða há og rennur vatn í lænum niður votlendið, hverfur í sandinn og kemur aftur upp neðar á svæðinu og myndar dýnamískt og sérstætt vistkerfi. Neðarlega í votlendinu eru blautir flóar. Grös og starir eru ríkjandi í gróðurlendi og einnig er nokkuð um víði.*

*Svæðið innan friðlands er alþjóðlega mikilvægt fuglaverndarsvæði (IBA). Þar er að finna margar mikilvægar fuglategundir, m.a. tegundir sem eru á válista. Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979) sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeró 1992) sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995 og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971) sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978.*

2.gr.

*Markmið friðlýsingarinnar.*

*Markmið með friðlýsingu fugla- og votlendissvæðis á Brunasandi er að vernda fjölbreytt fuglalíf og alþjóðlega mikilvægt búsvæði fugla. Á Brunasandi er m.a. að finna tegundir á válista, ábyrgðartegundir og tegundir á viðauka Bernarsamningsins. Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja verndargildi m.t.t. fuglalífs og votlendis en vísinda- og fræðslugildi svæðisins er mikið.*

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í aðalskipulagi verði tekið frá jaðarsvæði austan væntanlegs friðlands svo myndist rými (buffer) svo hægt sé að varðveita búsvæði sjaldgæfra fugla án ágangs á væntanlegu friðlandi, og þannig uppfylla ofangreinda reglugerð. Að mati stofnunarinnar er sérlega mikilvægt að staðinn verði vörður um búsvæði slíkra sjaldgæfra fugla þ.m.t. þórshana á Brunasandi. Umhverfisstofnun bendir á að til þess að tryggja vernd sjaldgæfra fuglategunda væri æskilegt að sveitarfélagið myndi setja hömlur á dvöl katta og hunda á svæðinu.

### **Neysluvatn**

Þar sem áætlað er að bora eftir lindarvatni í hraunjaðri bendir Umhverfisstofnun á að eldhraun nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þess eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á að borun eftir vatni fylgir röskun á umhverfi og því er mikilvægt að sjálfum hraunjaðrinum verði ekki raskað en slíkt hefði neikvæð áhrif á hraun og neikvæð sjónræn áhrif á umhverfið.

## **Fráveita**

Í umfjöllun um umhverfisáhrif kemur fram að grunnvatnsstaða á svæðinu sé mjög há og að fráveitumál verði könnuð sérstaklega á deiliskipulagsstigi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi á aðalskipulagsstigi hver áætluð umhverfisáhrif af fráveitu 200 herbergja hótels eru. Einnig er mikilvægt að fram komi hvert þriðja þrep skólphreinsistöðvar hótelsins kemur til með að vera, þ.e. verður það sótthreinsun, hreinsun köfnunarefnis o.s.frv. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki nægilegt að einungis komi fram að þriðja þreps hreinsunar verði krafist, heldur þurfi að koma fram ítarlegri upplýsingar um lausn fráveitumála.

## **Efnistaka**

Fram kemur í greinargerð að efnistaka alls 5000 rúmmetrar er áætluð á svæðinu, og að við frágang efnistökusvæðis verði gerðar tjarnir sem eigi að laða til sín fugla. Ekki er fjallað um um áhrif væntanlegrar efnistöku á umhverfið. Ekki kemur hvernig tjarnir eru áætlaðar, né hvernig þær hæfi umhverfinu. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram að við formun slíkra tjarna þarf að gera þær nægilega aflíðandi svo ekki verði hrun úr bökkum þeirra.

## **Umhverfisáhrif**

Ljóst er að staðsetning 200 herbergja hótels á Brunasandi mun hafa mikil og óafturkræf áhrif á viðkomandi svæði, bæði hvað varðar rask á viðkvæmu umhverfi, og neikvæð sjónræn áhrif, enda munu áætlaðar framkvæmdir gjörbreyta viðkomandi svæði og umhverfi þess. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í umhverfismati skipulagstillögu upplýsingar um þær mótvægisáðgerðir sem talið er nauðsynlegt að fara í vegna áhrifanna. Einnig mun ásýnd svæðisins gjörbreytast og umferð aukast mjög mikið, vegna umferðar bíla og ferðamanna. Umhverfisstofnun telur að koma þurfi fram á skýran hátt hvernig hægt er að lámarka neikvæð umhverfisáhrif sem slíkar framkvæmdir hafa á jafn viðkvæm vistkerfi og finnast á þessu strjálbýla svæði.

Í umfjöllun um umhverfisáhrif í greinargerð kemur fram að áætlað framkvæmdasvæði sé milli tveggja lækja og að land sé vel gróið, lítt snortið. Ekki kemur fram hvaða áhrif væntanlegar framkvæmdir muni hafa á umhverfið, hvorki af veglagningu, gerð fráveitu, húsbyggingum eða öðrum framkvæmdum. Í umfjöllun um umhverfisáhrif kemur fram að svæðið sé fáfarið og mikil breyting fylgi því að hópur ferðamanna fari um svæðið. Ekki er farið nánar út í það hverjar væntanlegar breytingar verða né eru umhverfisáhrif breytinganna metin. T.d. skortir alveg að sjónræn áhrif séu metin, og að áhrif væntanlegra framkvæmda á útvistar- og verndargildi svæðisins séu metin. Í kaflanum um umhverfisáhrif er ekki fjallað um áhrif hávaðamengunar frá umferð, þar er ekki fjallað um áhrif frá væntanlegri starfsemi á svæðið eins og það er í dag. Fram kemur að að efnistaka alls 5000 rúmmetrar er áætluð á svæðinu, og að við frágang efnistökusvæðis verði gerðar tjarnir sem eigi að laða til sín fugla. Ekkert kemur fram um hver áhrif framkvæmdanna verði á umhverfið, hvernig tjarnir eru áætlaðar, né hvernig þær hæfi umhverfinu.

## **Mat á umhverfisáhrifum áætlana**

Í lögum nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana kemur fram hvaða upplýsingar umhverfisskýrsla skuli hafa að geyma. Í lögnum kemur eftirfarandi fram um innihaldið: "a. yfirlit yfir efni og helstu stefnumið viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð,

b. lýsing á þeim þáttum í umhverfinu sem skipta máli varðandi efni og landfræðilegt

umfang áætlunarinnar og umfjöllun um líklega þróun þess án framfylgdar viðkomandi áætlunar,

c. lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar,

d. lýsing á umhverfisvandamálum sem varða áætlunina, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi,

e. upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina og umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra og annarra umhverfissjónarmiða við gerð áætlunarinnar,

f. skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar og raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar,

g. upplýsingar um aðgerðir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar,

h. yfirlit yfir ástæður þess að kostirnir, sem um er að ræða, voru valdir og lýsing á því hvernig matið fór fram, þ.m.t. um erfiðleika, svo sem tæknilega erfiðleika og skort á upplýsingum eða þekkingu við að taka saman þær upplýsingar sem krafist var,

i. hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda,



j. samantekt staflíða a–i."

Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun um umhverfisáhrif ofangreindrar breytingartillögu ófullnægjandi.

#### Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar hentar hótélbygging með 200 herbergjum á alls 7.000 fermetrum ekki á viðkvæmu náttúruminjasvæði eins og ofangreint svæði á Brunasandi er, bæði vegna fyrirferðar framkvæmda og einnig vegna umfangsmikillar starfsemi og umferðar er fylgir henni. Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun um umhverfisáhrif ofangreindrar framkvæmdar ófullnægjandi og ekkert kemur fram um mögulegar mótvægisáðgerðir. Ef af áætlunum verður er nauðsynlegt að taka frá jaðarrými austan væntanlegs friðlands á jörðunum Sléttaból/Hraunból svo hægt verði að koma í veg fyrir ágang á fuglafriðlandið, en unnið er að friðlýsingu aðliggjandi jarða vegna fjölbreytts fuglalífs á tiltölulega óröskuðu votlendi vestan við Orustustaði. Einnig telur stofnunin mikilvægt að settar séu fram mögulegar mótvægisáðgerðir til að minnka eins og kostur er neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason  
Lögfræðingur